

Sýningarstjóri er Sara Matthews

www.saramathews.ca

Þessi sýning leitast við að varpa ljósi á hægfare breytingar sem valda róttækum kaflaskilum á þeirri umgerð félags- og náttúruháttanna sem við þekkjum og glímur við þá spurningu hvernig bæði má sjá þessar breytingar og bregðast við þeim. Breytingar eru ein af undirstöðum tilverunnar í Fjallabyggð nyrst á Tröllaskaga þar sem landsagið og rýsjótt veðurfar er nokkuð sem íbúar þurfa að búa við og laga líf sitt að. Breyting er framkölluð aðgerð sem verður til fyrir tilstilli menningar og stjórnarstefnu. Breyting er líka mælikvarði á aðlögunarhæfni, tilraun til að viðhalda sjálfum sér og öðrum í samfélaginu; breyting er frásögn um endi og upphaf, hún er óvæntur fundur, hið flóktandi augnablik. Listamennirnir á þessari sýningu eru staddir á Norðurlandi eða lengra í burtu, reyna að svara þeirri spurningu hvernig hægt sé að gefa gaum að því sem ekki er hægt að sjá. Verk þeirra vilja að við hugleiðum hvernig hægt er að skynja og syrgja hægfare breytingar með því að beita vitneskjinni á fagurfræðilegan hátt.

Sýnendur.

Haraldur Ingi Haraldsson (Akureyri) stundaði listnám við Myndlista- og handíðaskólann í Reykjavík og sagnfræði í Háskóla Íslands. Hann fór í framhaldsnám í myndlist í Hollandi og nam við AKI Akademie voor Beeldende kunst í borginni Enchede og við Die Vrie Academie Psychopolis í Den Haag. Hann hefur haldið fjölmargar einkaýningar og tekið þátt í samsýningum og unnið að framgandi myndlistar á ýmsan máta.

Cod Head. Akryl á prentfilmu. 2015-2017.

Bergþór Morthens (Siglufjörður og Gautaborg) lauk námi við Myndlistaskólann á Akureyri árið 2004 og MA námi í myndlist við Valand háskólann í Gautaborg 2015. Hann haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum hér á landi og í Evrópu. Jafnframt störfum við myndlistina kennir Bergþór myndlist í Menntaskólanum á Tröllaskaga í Ólafsfirði.

Flekinn. Akryl og olía á plasti. 2018.

J Pasila (Siglufjörður og Brooklyn) hefur sýnt víða í Evrópu og Bandaríkjunum. Hún útskrifaðist frá Ontario listaskólanum í Toronto og nam síðan vídeólist og arkitektúr við listaakademiuna í Dusseldorf. J hefur við ýmsar viðurkenningar og styrki meðal annars frá SÍM (Samtökum íslenskra myndlistarmanna) og Mustarinda samtökunum í Finnlandi. Hún hefur og dvalið tvisvar í MacDowell Colony í New Hampshire í Bandaríkjunum.

Archive. Photograms. 2017.

Afskekkur. Stafræn prent. 2017 – 2019.

Björn Valdimarsson (Siglufjörður) er sjálfmenntaður ljósmyndari. Hann hefur tekið þátt í samsýningum héraðs og haldið einkasýningar hér og í Sviss. Myndir hans hafa birst í dagblöðum og tímaritum hér á landi og erlendis. Hann hefur gefið út tvær ljósmyndabækur; Fólkið á Sigló með myndum af fólki sem tengist Siglufirði og bók með myndum af eyðibýlum og öðrum manngerðum yfirgefnum hlutum í landslaginu á Norðurlandi.

Hvarf. Bleksprautuprent. 2014-2018.

Guðrún Þórisdóttir (Ólafsfjörður) útskrifaðist úr Myndlistaskóla Akureyrar árið 1994. Hún hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum í gegnum tíðina. Hún er draumóramanneskja og náttúrufíkill.

Skuggasveinar. Kindahorn og ull. 2017-2019.



Sýningartími; opið í Herhúsinu kl. 14-16 fimmtudaga til sunnudaga og í Gránu daglega kl. 13-17 frá 14. til 28. september.

Sýningaropnun kl. 14-16 laugardaginn 14. sept. á báðum sýningarstöðum

Staðsetningar sýningarinnar:

Herhúsið, Norðurgötu 7b, Siglufirði
<http://www.herhusid.com/>

og Sildarminjasafnið, Gránu, Siglufirði
<http://www.sild.is/en/>

Mynd á forsíðu: : J. Pasila
Mynd á baksíðu: Björn Valdimarsson



Að sjá það sem hulið er